



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði 9. ágúst 2024 kl. 17:00.

Fundarmenn: Lárus Heiðarsson formaður, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Aðalskipulagsbreyting. Bréf til Skipulagsstofnunar.

Kynnt bréf dags. 19. júlí ásamt fylgigögnum til Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir að stofnunin taki breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 til umfjöllunar og afgreiðslu sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Bréf til Skipulagsstofnunar. Deiliskipulag á Valþjófsstaðamelum.

Kynnt bréf dags. 22. júlí ásamt fylgigögnum til Skipulagsstofnunar þar sem óskað er eftir að stofnunin taki deiliskipulag á Valþjófsstaðamelum til umfjöllunar og afgreiðslu sbr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Deiliskipulag fyrir íbúðabyggð í landi Hamborgar.

Frestur til umsagna og athugasemda rann út 12. júlí sl. Alls bárust 5 umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Minjastofnun, HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands), Slökkviliði Múlapings, RARIK og Vegagerðinni. Skipulagshönnuður hefur tekið umsagnirnar til umfjöllunar og mótað viðbrögð við þeim og gert viðeigandi breytingar á framlögðum skipulagsgögnum. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir framlögð skipulagsgögn fyrir íbúðabyggð í landi Hamborgar og felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að undirbúa málið undir lokaafgreiðslu í sveitarstjórn.

4. Deiliskipulag á Víðivöllum ytri II.

Frestur til umsagna og athugasemda var til 12. júlí sl. Alls bárust 5 umsagnir þ.e. frá Minjastofnun, HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands), RARIK, Slökkviliði Múlapings og Vegagerðinni. Skipulagshönnuður hefur tekið umsagnirnar til umfjöllunar og mótað viðbrögð við þeim og gert viðeigandi breytingar á framlögðum skipulagsgögnum. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir framlögð skipulagsgögn fyrir deiliskipulag í Víðivöllum ytri II og felur byggingar- og skipulagsfulltrúa að undirbúa málið undir lokaafgreiðslu í sveitarstjórn.

5. Önnur mál.

Sagt frá helstu framkvæmdum innan sveitarfélagsins og sýndar myndir frá þeim. Lokaúttekt fór fram á þjónustuhúsinu við Hengifossá þann 8. ágúst án athugasemda. Rætt um þörf fyrir viðbótaraðstöðu við þjónustuhúsið til geymslu á ýmsum búnaði sem nauðsynlegur er á staðnum vegna rekstursins svo og til þess að annast umhirðu á lóð og göngustig.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:50.

Sign: Lárus Heiðarsson, Eiríkur J. Kjerúlf, Helga Eyjólfsdóttir
Fundarritari: Sveinn Þórarinsson